

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/284
komudagur 31.10.2012

1.nóvember 2012

Efni: Umsögn um 39.mál 141.löggjafarþings, Frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið.

Þetta frumvarp er löngu tímabært og það er mikilvægt fyrir þjóðina að Alþingi afgreiði það óbreytt eða sem næst því. Aukin notkun þjóðfánans er ekki aðeins æskileg til þess að fólk horfi með reisn og virðingu til þessa einstaka auðkennis þjóðar vorrar og ríkis, heldur einnig og ekki síður vegna stórauðinnar heimsóknar útlandra ferðalanga til landsins. Síðastnefnda staðhæfingin kann að vekja spurningar í hugum lesenda og því er rétt að fara strax um hana nokkrum orðum.

Íslendingum hættir til að vanmeta ytri tákni og birtingarmyndir þjóða, en þjóðfánar eru e.t.v. skýrust þeirra. Asískir ferðamenn hafa í mín eyru sagt að þeir haldi að Ísland sé hluti af Danmörku. Af hverju skyldi þetta nú vera? Jú, - þegar þeir koma hingað (oft frá Danmörku þar sem þjóðfáninn, Dannebrog, er alls staðar sýnilegur) þá sjást hér yfirleitt ekki fánar. Hins vegar er skjaldarmerki dansks konungs á þinghúsinu og stytta af dönskum kóngi við skrifstofu forsætisráðherra. Ísland er auk þess í hafinu á milli Grænlands og Færeyja sem bæði eru í ríkjasambandi við Danmörku og því er niðurstaða ferðamanna sú að Ísland sé það einnig (orðið króna hjálpar auk þess til að valda þessum misskilningi). Sjálfum finnst mér ömurlegt að koma í sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn þar sem danski fáninn blaktir hjá íslenska, færeyska og grænlenka fánanum og er öllu meira áberandi. Það þýðir ekkert að afgreiða svona misskilning gesta okkar með því að fólk sé illa lesið. Ytri tákni sem blasa við er það sem fólk leitar að og tekur mark á, en ekki skrifaður texti. Þess vegna er svo mikilvægt að auka notkun fánans og að fólk verði frjálst að nota hann sem fána eða merki á varning eftir settum reglum. Bráðabirgðaákvæðið í frumvarpinu um kynningarátak til að auka notkun þjóðfánans er einnig mikilvægt og er mælt með að það verði áréttað um leið og opinberar stofnanir verði áminntar um að þeim ber samkvæmt lögum að flagga á opinberum fánadögum.

Eins og fram kom þegar mælt var fyrir frumvarpinu í þinginu þá er breiður stuðningur margra félaga og samtaka fyrir því að frumvarpið nái fram að ganga. Að sjálfsögðu vonumst við öll til að frumvarpið hljóti samþykki sem fyrst þannig að eftir veturinn verði annar bragur á bæ og borg þegar við sjálf og útlendir ferðalangar fögnum birtu og batnandi hag.

Sigurður Jónsson
Kvistabergi 13
221 Hafnarfjörður